

Miðvikudaginn 14. marz 1945.

Nr. 120/1944. **Bæjarstjóri Hafnarfjarðar f. h. bæjarsjóðs**
(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Jóni Hjaltalín (Guðmundur Í. Guðmundsson).

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. okt. 1944 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og framkvæmd lögtaks heimiluð. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Útsvar það, sem í máli þessu greinir, var lagt á stefnda í Hafnarfirði árið 1943 á tekjur hans árið 1942 og eignir í árslok 1942.

Stefndi hafði heimilisfasta atvinnustofnun á Siglufirði árið 1942, og bar honum því að gjalda þar útsvar samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 106/1936. Í Hafnarfirði hafði stefndi íbúð á leigu allt árið 1942 og fram til 14. maí 1943, þar sem hann hafði búföng sín, og þar dvaldist kona hans þenna tíma. Verður því að telja, að heimili hans hafi verið í Hafnarfirði, þegar niðurjöfnun útsvara fór fram árið 1943, og að þar hafi mátt leggja á hann útsvar það ár á tekjur, sem samsvöruðu hæfilegum framkvæmdastjórалаunum, en þær tekjur hefði átt að draga frá heildartekjum hans, áður útsvar væri lagt á hann þetta ár á Siglufirði. Nú er auðsætt, að niðurjöfnunarnefnd Hafnarfjarðar hefur ekki gætt þessara reglna og því lagt útsvarið á rangan gjaldstofn. Verður samkvæmt þessu að neita um framkvæmd lögtaksgerðarinnar, og ber því að staðfesta að þessu leyti fógetaúrskurðinn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1500.00.

Því dæmist rétt vera:

Lögtaksgerð sú, sem krafizt er, skal eigi framkvæmd.

Áfrýjandi, bæjarstjóri Hafnarfjarðar f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Jóni Hjaltalín, samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 12. júlí 1944.

Ár 1944, miðvikudaginn þann 12. júlí, var í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var af Bergi Jónssyni sýslumanni, uppkveðinn úrskurður í fógetaréttarmálinu: Bæjarsjóður Hafnarfjarðar gegn Jóni Hjaltalín, sem tekið var til úrskurðar hinn 25. f. m.

Mál þetta var fyrir tekið í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu föstudaginn 14. jan. s. l.

Í réttinum var þá mættur f. h. gerðarbeiðanda, bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, hdl. Sigurður Guðjónsson, en af hálfu gerðarþola hrl. Guðmundur Í. Guðmundsson.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krafðist þess þá, að lögtaksgerð yrði framkvæmd hjá gerðarþola fyrir 5% hlutum af útsvari hans að upphæð kr. 30000.00 samtals svo og til lúkningar dráttarvöxtum, kr. 900.00, svo og öllum kostnaði við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppböð, ef til kæmi.

Getur gerðarbeiðandi þess í beiðninni, að útsvar þetta fyrir árið 1943 sé lagt á samkvæmt lögum nr. 106 frá 1936, 27. gr., sbr. l. nr. 23 frá 12. febrúar 1940, 1. gr. 1.

Umboðsmaður gerðarþola, sem mótnælti framgangi gerðarinnar, hefur hins vegar krafizt þess, að umbjóðandi hans yrði sýknaður af öllum kröfum lögtaksbeiðanda og að hann (gj.b.) verði úrskurðaður til að greiða umbjóðanda sínum hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Til vara hefur umboðsmaður gerðarþola krafizt verulegrar niðurfærslu á útsvarinu auk málskostnaðar.

Aðalkröfu sína byggir gerðarþoli á því, að hann hafi ekki átt lögheimili í Hafnarfirði á árinu 1942 eða 1943 og sé því ekki útsvarsskyldur í Hafnarfirði árið 1943.

Gerðarþoli telur sig hafa verið á árinu 1941 og fram í aprílmánuð 1942 búsettan í Hafnarfirði.

Í aprílmánuði 1942 hafi hann flutt búferlum frá Hafnarfirði til Siglufjarðar og tilkynnt þann flutning sinn til manntalsins bæði í Hafnarfirði og á Siglufirði.

Telur gerðarþoli, að sá brottflutningur hans úr Hafnarfirði hafi

staðið í sambandi við það, að atvinnurekstur sá, sem hann hafði haft í sambandi við Hafnarfjörð á árinu 1941, féll niður þá um haustið, og síðan hafi hann enga atvinnu eða atvinnurekstur haft í Hafnarfirði eða í sambandi við Hafnarfjörð á nokkurn hátt, enda sáralítið dvalið í Hafnarfirði á árinu 1942.

Gerðarþoli átti m/b Rafn, er var skrásettur á Siglufirði. Var báturinn á árinu 1941 í fiskflutningum í sambandi við Hafnarfjörð. Þessum flutningum lauk, að því er gerðarþoli telur, haustið 1941, og telur hann (gj.þ.), að m/b Rafn hafi eftir þann tíma annað hvort einu sinni eða aldrei til Hafnarfjarðar komið, og þá aðeins til að kasta í land smáræði af vörum.

Gerðarþoli kveðst eiga sildarsöltunarstöð á Siglufirði og hafa haft þar sildarsöltun sumarið 1942, en í sambandi við þessa stöð sé íveruhús fyrir starfsfólk, og þar hafi hann búið.

Telur gerðarþoli, að af framansögðu sé ljóst að hann sé ekki útsvarsskyldur í Hafnarfirði samkvæmt útsvarslögum nr. 106 frá 1936, 8. gr.

að fella beri niður útsvar hans í Hafnarfirði samkvæmt d-lið 2. málsg. 8. gr. l. nr. 106 frá 1936, enda sé það krafa sín, þar sem hann hafi greitt útsvar af öllum tekjum sínum og eignum til Siglufjarðarkaupstaðar, og

að yrði hann álitinn útsvarsskyldur í Hafnarfirði, þá bæri Hafnarfjarðarkaupstað að skila Siglufjarðarkaupstað öllu útsvarinu, þar eð tekna hans er að engu leyti aflað í Hafnarfirði heldur á Siglufirði.

Telur gerðarþoli kröfu gerðarbeiðanda því fjarstæðu og mót-mælir loks málskostnaðarkröfu hans.

Gerðarbeiðandi heldur því fram, að gerðarþoli hafi verið heimilisfastur í Hafnarfirði 1942 og haft þar á leigu íbúð, þar sem kona hans bjó og hann stundum.

Jafnframt hefur hann lagt fram vottorð bæjarstjóra um, að gerðarþoli hafi verið tekinn í manntal hér 1942, en samkvæmt spjaldskrá lögreglunnar tilkynnir gerðarþoli flutning úr bænum hinn 13. júlí 1942 ásamt konu sinni og börnum.

Um haustið var hann aftur færður á spjaldskrána.

Gerðarþoli hefur ákveðið neitað að hafa sjálfur látið skrá lögheimili sitt í Hafnarfirði 1942 eða gefið leyfi til, að hann yrði talinn heimilisfastur þar, enda talið lögheimili sitt á Siglufirði og talið þar fram, og er það hvort tveggja upplýst með vottorðum hlutaðeigandi yfirvalda.

Það er upplýst í málinu, að gerðarþoli hefur eigi haft heimilisfasta atvinnustofnun í Hafnarfirði, ekki átt þar neinar eignir né heldur rekið þar neinn útsvarsskyldan rekstur á umræddu tímabili (sbr. 8. gr. l. 106/1936).

Hins vegar er gerðarþoli samkvæmt framlögðum vottorðum

bæjarfógeta og bæjarstjóra Siglufjarðar talinn heimilisfastur þar árið 1942 og hefur greitt þar alla skatta til ríkis og bæjar árið 1943 af tekjum ársins 1942, enda aflað þar allra sinna tekna, sem umræddir skattar og gjöld eru á lögð.

Með skirskotun til framanritaðs fellst rétturinn á þá skoðun gerðarpola, að hann hafi verið útsvarsskyldur á Siglufirði 1943 af tekjum sínum og eignum 1942, en eigi í Hafnarfirði, og ber því að neita um framgang gerðarinnar.

Eftir atvikum þykir hæfilegt að úrskurða gerðarbeiðanda til að greiða í málskostnað til gerðarpola kr. 1000.00.

Þvi úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal eigi ná fram að ganga.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarpola kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðarins undir aðför að lögum.

Föstudaginn 16. marz 1945.

Nr. 79/1944. **Borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarins**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn

Oddi Kristjánssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Um heimild manns til að hafa hús á lóð í Reykjavík, er þar var reist án leyfis byggingarnefndar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. júní 1944, hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Július Sveinsson, heimildarmaður stefnda, reisti í öndverðu hýsi það á Bergþórugötu 6 A, er í máli þessu greinir, án leyfis byggingarnefndar Reykjavíkur. Þess vegna gátu stjórnvöld bæjarins fjarlægt húsið, þegar þau vildu. Þau veittu Júliusi 5 ára frest árið 1930 til þess að rífa húsið eða